

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/421****2022/EES/53/18****frá 14. mars 2022****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja
sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 ⁽²⁾ er bætt við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 300/2008.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 272/2009 er framkvæmdastjórninni falið að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við þá reglugerð.
- 3) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ⁽³⁾ eru tilgreind þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad, uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009, að því er varðar skimun farþega og handfarangurs, skimun lestarfarangurs, farms og pósts og vernd loftfara.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn, uppfylli viðmiðanirnar, sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009, að því er varðar vernd loftfara og skimun farþega og handfarangurs.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 15.3.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

- 6) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/111 ⁽⁴⁾ um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 er bæði Serbíu, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad, og Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn, bætt við í viðeigandi fylgiskjöl þar sem talin eru upp þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum.
- 7) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/413 ⁽⁵⁾ um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er viðurkennt að Breska konungsríkið beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum. Í viðaukanum við þá reglugerð er m.a. öllu innihaldi fylgiskjala 3-B, 4-B, 5-A og 6-F skipt út fyrir ný fylgiskjöl þar sem Breska konungsríkinu er einnig bætt við.
- 8) Í 3. gr. var ákvarðað að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/413 komi til framkvæmda daginn eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um og í Breska konungsríkinu skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/413 var frestað til 1. janúar 2021 og hefur það haft í för með sér að frá þeim degi hefur fylgiskjöllum 3-B, 4-B, 5-A og 6-F verið skipt út fyrir fylgiskjöl með skrám sem endurspeglar ekki breytingarnar sem gerðar voru eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/413 var samþykkt, þ.e. þær breytingar sem innleiddar voru með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/111.
- 9) Því er nauðsynlegt að uppfæra skrárnar yfir þriðju lönd, sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum, með því að bæta við þeim þriðju löndum sem bætt hafði verið við með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/111.
- 10) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/255 ⁽⁶⁾ um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 var innleiddur nýr vegvísir um að ljúka smám saman uppsetningu búnaðar til greiningar sprengiefnis (EDS), samkvæmt staðli 3, sem nota á við skimun lestarfarangurs á evrópskum flugvöllum, þar sem nauðsynlegum sveigjanleika er bætt við vegna COVID-19-heimsfaraldursins. Við gerð slíks vegvísis var flugrekendum, sem halda áfram að nota, eftir 1. september 2021, búnað til greiningar sprengiefnis, samkvæmt staðli 2, við skimun farms og pósts, fyrir mistök ekki veittur svipaður viðbótarsveigjanleiki. Viðeigandi yfirvöld ættu einnig að hafa möguleika á að heimila hæfilega framlengingu á notkun búnaðar til greiningar sprengiefnis, samkvæmt staðli 2, að því er varðar flugrekendur sem annast skimun farms og pósts.
- 11) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1998 hefur sýnt að nauðsynlegt er að gera tilteknar breytingar á fyrirkomulagi við framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna að því er varðar ESB-matsmenn flugverndar annars vegar og hins vegar í tengslum við að taka smám saman úr notkun röntgenbúnað með eingeisla (e. *single-view x-ray equipment*). Í því skyni að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfinni og tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd er nauðsynlegt að breyta tengdum ákvæðum í viðaukanum.
- 12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/111 frá 13. janúar 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar samþykki fyrir flugverndarbúnaði í almenningssflugi sem og fyrir þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi (Stjtið. ESB L 21, 27.1.2020, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/413 frá 14. mars 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi (Stjtið. ESB L 73, 15.3.2019, bls. 98).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/255 frá 18. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 58, 19.2.2021, bls. 23).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum er breytt sem hér segir:

- 1) Skránni í fylgiskjali 3-B í 3. kafla er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Montenegro (Svartfjallaland):

„Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad.“
 - b) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Singapur að því er varðar Singapore Changi flugvöll:

„Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn.“
- 2) Skránni í fylgiskjali 4-B í 4. kafla er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Montenegro (Svartfjallaland):

„Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad.“
 - b) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni um Singapur að því er varðar Singapore Changi flugvöll:

„Ísrael, að því er varðar Ben Gurion alþjóðaflugvöllinn.“
- 3) Í skránni í fylgiskjali 5-A í 5. kafla er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Montenegro (Svartfjallaland):

„Serbía, að því er varðar Nikola Tesla flugvöllinn í Belgrad.“
- 4) Í skránni 6-Fi í fylgiskjali 6-F í 6. kafla er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Montenegro (Svartfjallaland):

„Serbía.“
- 5) Í stað c-lið liðar 11.6.4.1 kemur eftirfarandi:

„c) má ekki framkvæma ESB-fullgildingar flugverndar ef hann hefur stöðu sem matsmaður flugverndar samkvæmt sambærilegu kerfi, sem er til staðar í þriðja landi eða hjá alþjóðastofnun, nema þriðja landið eða alþjóðastofnunin veiti ESB-matsmönnum flugverndar gagnkvæm tækifæri innan síns kerfis.“
- 6) Í stað liðar 12.3.1 kemur eftirfarandi:

„12.3.1 Allur búnaður, sem er settur upp eftir 1. janúar 2023 í síðasta lagi og sem nota á í Sambandinu við skimun farms og pósts, ásamt pósti og rekstrarvörum flugrekanda, sem sæta flugverndarráðstöfunum í samræmi við 6. kafla, skal vera með fjölgeisla (e. *multi-view*).

Hlutaðeigandi yfirvöld geta, af hlutlægum ástæðum, heimilað notkun röntgenbúnaðar með eingeisla, sem er settur upp fyrir 1. janúar 2023, til:

 - a) 31. desember 2025 í síðasta lagi, að því er varðar röntgenbúnað með eingeisla sem er settur upp fyrir 1. janúar 2016,
 - b) 31. desember 2027 í síðasta lagi, í að hámarki tíu ár frá uppsetningardegi röntgenbúnaðar með eingeisla sem er settur upp eftir 1. janúar 2016, eftir því hvor dagurinn er á undan.

Hlutaðeigandi yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina ef þau beita ákvæðum annarrar málsgreinar.“
- 7) Eftirfarandi máslíð er bætt við á eftir töflunni í lið 12.4.2.4:

„Auk þess getur hlutaðeigandi yfirvald heimilað notkun búnaðar til greiningar sprengiefnis, samkvæmt staðli 2, sem nota á við skimun farms og pósts, ásamt pósti og rekstrarvörum flugrekanda, sem sæta flugverndarráðstöfunum í samræmi við 6. kafla, til 1. september 2022 í síðasta lagi.“